

Nd.

213. Nefndarálit

[61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt, en minni hlutinn (LJós, SÁ) er andvígur því.

Meiri hlutinn lítur svo á, að fengin reynsla sýni, að ekki sé heppilegt, að heimild handa ráðherra samkvæmt lögum nr. 83 22. okt. 1945, um friðun einstakra veiðisvæða fyrir ágangi dragnótabáta sé algerlega bundin samhljóða álitu Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans.

Það er alkunnugt, að stundum er ágengni dragnótabáta svo mikil á heima- miðum ýmissa útgerðarstaða, að til vandræða horfir, og er slíkt því tilfinnanlegra sem útgerðin er meira stunduð á opnum vélbátum (trillum), en á þeim verður sjór ekki að jafnaði sóttur nema tiltölulega skammt undan landi. Dæmi eru til, að dragnótabátar hafa svo gersamlega eyðilagt veiði innfjarða og á öðrum grunnmið- um, að sjómenn hafa átt um tvennt að velja, að hætta róðrum um lengri eða skemmri tíma eða sækja á fjarlægari fiskimið en fært má teljast smærri bátum, bæði vegna vegalengdar og hættulegs sjólags, ef út af ber með veður.

Við slíkar aðstæður er erfitt að búa, og stendur það smábátaútgerðinni mjög fyrir þrifum í ýmsum veiðistöðum.

Það verður því að teljast æskilegt, að ráðherra hafi óskoraða heimild til að friða þýðingarmestu fiskimið þeirra útgerðarstaða, sem hafa við slíka erfiðleika að stríða. Má ætla, að þá geti orðið auðveldara en nú virðist vera að koma við eðlilegu mati á þeim rökum, sem fram eru færð með og móti því að friða fyrir dragnóta- veiðum eitt eða annað veiðisvæði.

Alþingi, 24. nóv. 1950.

Pétur Ottesen,
form.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr.

Halldór Ásgrímsson,
frsm.